

## REGLUGERÐ

um (13.) breytingu á reglugerð nr. 167/2015 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir töluliðir, 74. og 75. tölul., svohljóðandi:

74. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/520 frá 28. mars 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið leysinafta, létt arómatískt, með tilliti til hámarksgildis leifa. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2018, frá 5. desember 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 85, frá 20. desember 2018, bls. 84.
75. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/523 frá 28. mars 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið flúasúron með tilliti til hámarksgildis leifa. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2018, frá 5. desember 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 85, frá 20. desember 2018, bls. 87.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu, öll með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. febrúar 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Iðunn Guðjónsdóttir.*